

LÖG FÉLAGS FÓSTURFORELDRA

1. gr.

Félagið heitir FÉLAG FÓSTURFORELDRA. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Félagssvæðið er allt landið. Fullgildir félagar geta verið hjón eða einstaklingar sem hyggjast taka að sér eða hefur verið falið barn, börn eða fullorðna einstaklinga til fósturs, til lengri eða skemmri tíma þ.m.t. helgar- og sumardvalir. Aðrir einstaklingar, félög eða hópar geta verið aukameðlimir og styrktaraðilar. Þeir hafa hvorki kosningarétt né kjörgengi, en áheyrnar og tillögurétt á öllum fundum félagsins.

3. gr.

Félagið er sjálfstætt félag, óháð öllum opinberum stofnunum, stjórnmalaflokkum og trúfélögum. Félagið er meðlimur í alþjóðasamtökum International Foster Care Organisation IFCO. Félagið getur með samþykki félagsfundar gert samninga við önnur félög um samstarf.

4. gr.

Markmið félagsins er að vinna að hagsmunamálum fósturbarna og fósturforeldra. Félagið skal vinna að öllu sem getur verið til hagsbóta fósturbörnum og fjölskyldum þeirra. Félagið skal vera málssvari fósturbarna og fósturforeldra gagnvart fjölmiðlum, ríkisvaldi og opinberum stofnunum. Félagið skal veita nýjum eða verðandi fósturforeldrum stuðning og upplýsingar, sé þess óskað. Félagið skal hjálpa, félagsmönnum sínum um sérfræðilega aðstoð er lítur að hagsmunamálum fósturbarna og fósturforeldra, svo sem eins og lögfræði-, uppeldis- og sálfræðiaðstoð. Félagið skal stuðla að fræðslu um uppeldis- og hagsmunamál meðal félagsmanna sinna. Ennfremur skal félagið vinna að fræðslu meðal almennings um hlutverk fósturforeldra.

5. gr.

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess. Aðalfundur skal haldinn á tímabilinu september til nóvember ár hvert. Fjárhagsár félagsins skal vera frá 1.september - 31.ágúst ár hvert. Stjórnin skal boða til aðalfundar með skriflegri dagskrá til allra félagsmanna með minnst 3 vikna fyrirvara. Rétt til fundarsetu hafa þeir félagsmenn einir sem greitt hafa félagsgjöld sín.

Á dagskrá aðalfundar skal m.a. taka eftirfarandi:

-Skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins undanfarandi ár.

-Reikninga félagsins.

-Fjárhagsáætlun félagsins ásamt ákvörðun um árgjald.

-Kosning stjórnar og endurskoðenda (sjá 6.gr.)

-Lagabreytingar.

-Önnur mál.

Aðalfundur telst löglegur og ályktunarfær um málefni félagsins ef löglega hefur verið til hans boðað.

6. gr.

Aðalstjórn félagsins skipa fimm fulltrúar og þrír til vara. Aðalfundur kys tvo menn í stjórn til tveggja ára og þrjá menn í stjórn til eins árs, tvo varamenn til tveggja ára og einn varamann til eins árs. Aðalfundur kys einn endurskoðanda til tveggja ára. Stjórnin skiptir með sér verkum, formaður skal þó kosinn sérstaklega á aðalfundi til tveggja ára í senn. Varamenn hafa rétt til setu á stjórnarfundum. Stjórnarmenn geta gefið kost á sér til endurkjörs. Maka er heimilt í umboði maka síns að mæta á stjórnarfundum og fara með atkvæði hans. Við kosningu stjórnar og við aðrar atkvæðagreiðslur á aðal- og félagsfundum skal einfaldur meirihluti atkvæða ráða. Lögum félagsins verður þó ekki breytt nema á aðalfundi að meðmæltum 2/3 hluta fundarmanna.

7. gr.

Stjórnin skal boða til félagsfundar, ef þurfa þykir, með skriflegri dagskrá til allra félagsmanna með minnst 10 daga fyrirvara. Stjórninni er skylt að boða til félagsfundar ef 1/10 hluti félagsmanna krefst þess skriflega. Á félagsfundum skulu kjörnir fundarstjóri og fundarritari. Fundargerð síðasta fundar skal lesin upp í upphafi fundar og borin upp til samþykktar.

8. gr.

Stjórn félagsins er ekki heimilt að selja eignir félagsins né stofna til lántöku eða annarra fjárhagsskuldbindinga í nafni félagsins nema með samþykki félagsfundar.

9. gr.

Félagsmönnum er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar félagsins, að stofna svæða- eða héraðsdeildir út á landi. Einnig er félagsmönnum heimilt, að fengnu samþykki stjórnar félagsins, að stofna deildir um sérhagsmunamál. Félagsdeildir þessar skulu starfa í samráði við aðalstjórn félagsins og hlíta ákvörðunum hennar.

10. gr.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta fundarmanna og því aðeins að getið hafi verið um væntanlega atkvæðagreiðslu um framtíð félagsins í skriflegu fundarboði. Aðalfundur ráðstafar eignum félagsins verði það lagt niður.

Ákvæði til bráðabirgða, gildir frá 12. mars 2011 til aðalfundar haustið 2011:

Þrír stjórnarmenn í aðalstjórn sem kosnir voru á aðalfundi FFF í nóvember 2010 verða áfram stjórnarmenn fram til næsta aðalfundar. Að auki mun Félag vistforeldra í sveitum tilnefna tvo stjórnarmenn sem taka sæti í aðalstjórn fram til næsta aðalfundar. Tveir varamenn sem kosnir voru á aðalfundi FFF í nóvember 2010 verða áfram ásamt einum varamanni tilnefndum af Félagi vistforeldra í sveitum.

Breytingar að lögum samþykktar á aðalfundi félagsins þann 12.11.2004

Breytingar að lögum samþykktar á félagfundi félagsins þann 12.3.2011